



NÁTTÚRUSTOFA
VESTFJARÐA

Aðalstræti 12
415 Bolungarvík
nave@nave.is

Fornleifaskráning

*Viðbótarfornleifaskráning vegna
aðkomuvegar að Tunguárvirkjun
í Þistilfirði*

Atli Rúnarsson

September 2025

NV nr. 25-25

 NÁTTÚRUSTOFA VESTFJARÐA		Dagsetning Mán/ár: September 2025
Skýrsla nr: NV nr. 25-25	Verknúmer: 487	Dreifing: ☐ Opin ☐ Lokuð til: ☒ Háð leyfi verkkaupa
Upplag:	Verkstig: Loka	
Heiti skýrslu: Viðbótarfornleifaskráning vegna aðkomuvegar að Tunguárvirkjun í Þistilfirði		Unnið fyrir: Verkís
Höfundur: Atli Rúnarsson		Verkefnastjóri: Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir
ÚTDRÁTTUR Fornleifaskráning í landi Garðs í Þistilfirði vegna aðkomuvegar að fyrirhugaðri Tunguár- virkjun. Alls voru fjórar minjar skráðar og tengjast þær allar landbúnaði og búsetu á Garði.		
Undirskrift verkefnastjóra:		Yfirlarið af:


EFNISYFIRLIT

1.	Inngangur	4
2.	Skráningarsvæðið	4
3.	Aðferðafræði	4
3.1	Tilgangur fornleifaskráningar	4
3.2	Skráning fornleifa	5
4.	Framkvæmdasvæðið	6
4.1	Saga Garðs	6
5.	Heimildaskrá	7
6.	Fornleifaskrá	8
7.	Niðurstöður	12
8.	Kort	13

1. INNGANGUR

Að beiðni Sigurlaugar Sigurðardóttir hjá Verkís gerði fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða fornleifaskráningu vegna fyrirhugaðs aðkomuvegs að Tunguárvirkjun í landi Garðs í Þistilfirði.

Svæðið var gengið og minjar mældar upp. Vettvangsvinna fór fram þann 22. júlí 2025 og var unnin af Atla Rúnarssyni, fornleifafræðingi hjá Náttúrustofu Vestfjarða, og sá hann einnig um skýrslu- og kortagerð.




Mynd 1. Staðsetning skráningarsvæðanna er merkt með gulri stjörnu.

2. SKRÁNINGARSVÆÐIÐ

Skráningarsvæðið var um 1.8km langt og 200m breitt, þ.e. 100m í sitthvora átt frá miðlínu fyrirhugaðs vegar.

Svæðið var allt í landi Garðs og var að mestu grasivaxið og slétt fyrir utan svonefndan Garðshól þar sem, skv. örnefnaskrá, gamli bærinn stóð, en hann stóð þó utan skráningarsvæðisins..



Mynd 2. Yfirlitskort af skráningarsvæðinu í landi Garðs í Þistilfirði.

3. AÐFERÐAFRÆÐI

Aðferðafræði rannsóknarinnar byggir fyrst og fremst á fornleifaskráningu á vettvangi en að auki var farið yfir helstu heimildir um jarðirnar, s.s. örnefnaskrár, túnakort, jarðabækur og annað sem getur gefið vísbendingar um fornminjar. Svæðið hafði áður verið skráð að hluta til og var stuðst við þá skráningu. Allir minjastaðir voru skráðir og teknir voru staðsetningarpunktar á hverjum stað með Trimble Juno 5 uppmælitæki. Minjastöðum var lýst og ljósmyndir teknar af hverjum stað.

3.1 Tilgangur fornleifaskráningar

Í lögum um menningarminjar nr. 80 29. júní 2012 segir að lögin eigi að tryggja eftir föngum verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Eins eiga lögin að auðvelda aðgang að minjunum, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Þá er fornleifaskráning bundin skipulagsgerð skv. lögnum, en í 16. gr. segir:

Skýlt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna.

Í 3. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar

kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum, vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri, tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita, vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra, virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum, þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð, áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum, haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið, skipsflök eða hlutar þeirra.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

Í 21. grein laga um menningarminjar segir:

fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Sú skylda hvílir á sveitarfélögum eða framkvæmdaaðilum að gera Minjavernd ríkisins viðvart ef fyrirsjáanlegt er að minjar spillist vegna hvers konar framkvæmda eða breyttrar landnotkunar (sjá 12.gr.).

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonnnun umsvifalaust svo skera megir úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megir fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands (24 gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að koma í veg fyrir að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða nauðsynjalausu. Fornleifaskráning nýtist við minjavörslu þegar ákveða á verndun á einstökum minjastöðum. Eins kemur hún að miklum notum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þá er hægt að taka tillit til minjanna við skipulagsgerð og nýta þær í rannsókna eða kynningarskyni. Með fornleifaskráningu má einnig stórlega minnka líkur á að fornleifar komi óvænt í ljós við framkvæmdir sem gæti leitt til tafa á viðkomandi verki.

3.2 Skráning fornleifa

Verkefnanúmeri er úthlutað af Minjastofnun Íslands og svæðið hefur verið merkt inn á vefsíða Minjastofnunar og skýrsla skráð þar sem og minjar sem mældar voru upp. Verkefnið fékk númerið 3471 og þar á eftir eru hlaupandanúmer rannsóknarinnar, dæmi: 3471-001.

4. FRAMKVÆMDASVÆÐIÐ

4.1 Saga Garðs

Minnst var á Garð í rekaskrá Skálholtsstaðar frá 1270¹ og í bréfi frá 1499 þegar Þórður Brynjólfsson seldi, vegna Sólveigar Jónsdóttur konu sinnar, Magnúsi Jónssyni til fullrar eignar jörðina Garð í Þistilfirði með reka fyrir tíu hundruð í lausafé.² Næst var minnst á Garð í testamentabréfi Gottskálks biskups Nikulássonar á Hólum: „*Gardur xji^c fimm kugildi. Landskyllid c.*“³ Eins var minnst á Garð í Sigurðarregistri frá 1525, sem innihélt máldaga Hóladómkirkju þegar Jón Arason tók við, og var þar sagt að Garður væri í eigu Hóladómkirkju.⁴

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, sem gerð var fyrir svæðið árið 1712, var sagt að jarðardýrleiki Garðs væri óviss og að jörðin væri í eigu biskupsstólsins á Hólum. Landskuldin var lxx álnir sem var greidd með prjónlesi, vaðmáli, peningum eða öðrum flytjandi landaurum. Engar kvaðir voru á jörðinni og var útigangur talinn nokkuð góður. Engin engi voru nema í úthögum en þeir voru sagðir góðir og miklir. Einnig var sagt að kvikfénaði stæði hætta af dýjum og lækjum. Eins er sagt frá fornum tóftum í jarðabókinni: „*Girðinga ónafnkenndar með nokkrum tóftarústum eru hjer suður af túninu skamt eitt, þar atla menn að í fyrndinni hafi byggð verið, so sem líklegt sýnist af áðursögðum byggingaleifum. Ekki má hjer aftur byggja fyrir heysaparleysi.*“⁵

Árið 1812 keypti Jón Kristjánsson Garð af Kristínu Þórðardóttur og var jörðin þá metin 12 hundruð að dýrleika.⁶ Í jarðatal Johnsen frá 1847 var sagt að Garður væri í bændaeign og að dýrleikinn væri óviss, þó er sagt í neðalmálgrein að dýrleikinn hafi verið 12h árið 1805, landskuldin væri 0.70, kúgildin 2 og ábúendur væru einn eigandi og einn leigjandi.⁷

¹ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 2. bindi, 1947-1950, bls. 69, 73

² Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 7. bindi, 1947-1950, bls. 419-420

³ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 8. bindi, 1947-1950, bls. 727

⁴ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 9. bindi, 1947-1950, bls. 301

⁵ Árni Magnússon og Páll Vídalín, 1943, bls. 358-359

⁶ Óbyggðanefnd, 2007, bls. 39

⁷ J. Johnsen, 1847, bls. 344

5. HEIMILDASKRÁ

Árni Magnússon og Páll Vídalín. (1943). *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. 11. bindi - Þingeyjarsýsla*. Kaupmannahöfn: S. L. Möller.

Diplomatarium Islandicum - Íslenskt fornbréfasafn 1-16. bindi. (1947-1950). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.



J. Johnsen. (1847). *Jarðatal á Íslandi með brauðlýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. Kaupmannahöfn: S. Trier.

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. (2024). *Fornleifaskráning vegna virkjunar í Tunguá í landi Hermundarfells í Þistilfirði*. Bolungarvík: Náttúrustofa Vestfjarða.


Óbyggðanefnd. (2007). *Úrskurður Óbyggðanefndar mál nr. 4/2005, Svalbarðshreppur, Þórshafnarhreppur og Skeggjastaðahreppur*. Reykjavík: Óbyggðanefnd.

Örnefnaskrá - Garður. (án dags.). Reykjavík: Örnefnastofnun Íslands.


6. FORNLEIFASKRÁ

Almennar upplýsingar			
Sýsla	Sveitarfélag	Heiti jarðar	Heiti jarðar 1847
N-Pingeyjarsýsla	Langanesbyggð	Garður	Garður
Upplýsingar um skráningu			
Skrásetjari	Dagsetning	Austur hnit ISN93	Norður hnit ISN93
Atli Rúnarsson	22.7.2025	646236	636952
Upplýsingar um minjar			
Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Minjaheild
	Garðlag	Túngarður	Landbúnaðarminjar
Auðkenni	Tímabil	Ljósmynd / teikning	
3471-001	1550-1950	 Mynd 3. Uppmæling af túngarði [3471-001].	
Veggahæð	Veggjabykkt		
0.1 – 1.2m	1.2m		
Ástand	Friðlýst		
Vel greinanleg	Nei		
Horfin	Hætta tilefni		
Nei	Vegna vegagerðar		
Hættumat	Hættuorsök		
Hætta	Vegna rask		
Lýsing			
Túngarður úr torfi og grjóti, grasivaxinn og farið að rofna úr honum á köflum, þar sést í hleðslugrjóti. Hluti garðsins er horfinn vegna efnistöku á norðanverðum hólnum og sést einungis í grunnhleðslu hans á köflum (sjá mynd í niðurstöðum). Veggjahæð er frá 0.2m – 1.2m og veggjabreidd er að jafnaði 1.2m.			
Ljósmynd / teikning	Umhverfi / staðhættir		
 Mynd 4. Horft í suður eftir túngarði [3471-001].	Túngarðurinn liggur umhverfis Garðshól.		
	Athugasemd		
	Heimildir		

Almennar upplýsingar			
Sýsla	Sveitarfélag	Heiti jarðar	Heiti jarðar 1847
N-Pingeyjarsýsla	Langanesbyggð	Garður	Garður
Upplýsingar um skráningu			
Skrásetjari	Dagsetning	Austur hnit ISN93	Norður hnit ISN93
Atli Rúnarsson	22.7.2025	646230	636950
Upplýsingar um minjar			
Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Minjaheild
	Tóft	Óþekkt	Landbúnaðarminjar
Auðkenni	Tímabil	Ljósmynd / teikning	
3471-002	1550-1950		
Vegghæð	Veggjabykk		
Ástand	Friðlýst		
Vel greinanleg	Nei	 Mynd 5. Uppmæling af tóft [3471-002].	
Horfin	Hætta tilefni		
Nei	Vegna vegðagerðar		
Hættumat	Hættuorsök		
Engin hættu			
Lýsing			
Tóft með óþekkt hlutverk. Tóftin er nánast alveg upp við túngarð [3471-001] en virðist ekki vera áföst honum og hefur því verið með inngang í norðri. Smá er hrúnið inn í hana og sést í grjóti, annars er hún grasi vaxin. Veggjahæð er frá 0.2 – 0.3m og veggjabreidd er að jafnaði um 1m.			
Ljósmynd / teikning		Umhverfi / staðhættir	
 Mynd 6. Horft í SA yfir tóft [3471-002].		Við túngarð [3471-001] á Garðshóli [3471-004].	
		Athugasemd	
		Heimildir	

Almennar upplýsingar			
Sýsla	Sveitarfélag	Heiti jarðar	Heiti jarðar 1847
N-Pingeyjarsýsla	Langanesbyggð	Garður	Garður
Upplýsingar um skráningu			
Skrásetjari	Dagsetning	Austur hnit ISN93	Norður hnit ISN93
Atli Rúnarsson	22.7.2025	646030	636966
Upplýsingar um minjar			
Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Minjaheild
	Tóft	Rétt	Landbúnaðarminjar
Auðkenni	Tímabil	Ljósmynd / teikning 	
3471-003	1550-1950		
Veggahæð	Veggjabykkt		
0 – 1.3m	1m		
Ástand	Friðlýst		
Vel greinanleg	Nei		
Horfin	Hætta tilefni		
Nei	Vegna vegagerðar		
Hættumat	Hættuorsök		
Engin hætta			
Lýsing			
Torfhlaðin rétt með fimm hólfum. Líklega hafa dilkarnir verið fleiri en ummerki þeirra sjást ekki. Almennigurinn er um 30 x 5m að stærð. Lágvaxið hól er á suðurenda réttarinnar. Veggjahæð er frá 0 – 1.3m og veggjabreidd er að jafnaði um 1m. Ekki er minnst á réttina í Örnefnaskrá.			
Ljósmynd / teikning		Umhverfi / staðhættir	
		Á sléttu grasivöxnu svæði um 110m vestan við Garðshól [3471-004] og fast vestan við læk.	
		Athugasemd	
		Heimildir	

Mynd 8. Horft í norður yfir rétt [3471-003].

Almennar upplýsingar			
Sýsla	Sveitarfélag	Heiti jarðar	Heiti jarðar 1847
N-Pingeyjarsýsla	Langanesbyggð	Garður	Garður
Upplýsingar um skráningu			
Skrásetjari	Dagsetning	Austur hnit ISN93	Norður hnit ISN93
Atli Rúnarsson	22.7.2025	646198	636877
Upplýsingar um minjar			
Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Minjaheild
Garðshóll	Hóll	Bæjarhóll	Búsetuminjar
Auðkenni	Tímabil	Ljósmynd / teikning	
3471-004	1550-1950	 Mynd 9. Uppmæling af Garðshóli [3471-004].	
Vegghæð	Veggjabykkt		
Ástand	Friðlýst		
Vel greinanleg	Nei		
Horfin	Hætta tilefni		
Nei	Vegna vegagerðar		
Hættumat	Hættuorsök		
Hætta	Vegna rasks		
Lýsing			
Gamli bæjarhóllinn á Garði. Í Örnefnaskrá segir: „Bærinn stendur á hól, sem heitir Garðshóll. Þetta er nokkuð langur hóll og mikill hluti túnsins, en á hólum stendur nú steinhús, en fyrr voru hér tvö íbúðarhús. Suðvestur af núverandi íbúðarhúsi voru svonefnd Hólshús, fjárhús úr torfi, og alveg horfin nú. [Það sem hér er kallað núverandi íbúðarhús brann 1962].“ Hóllinn var mældur 220m x 140m en hann er að mestu leiti náttúrulegur og erfitt að greina hvar hinn eiginlegi bæjarhóll byrjar og sá náttúrulegi endar. Einhver efnistaka hefur átt sér stað í hólum og telst hann í hættu vegna þess.			
Ljósmynd / teikning	Umhverfi / staðhættir		
 Mynd 10. Loftmynd af Garðshóli [3471-004].	Það liggur malarvegur í 440m frá Hagalandsvegi og yfir Garðshól. Hóllinn er grasivaxinn.		
	Athugasemd		
Heimildir			
Örnefnaskrá - Garður			

7. NIÐURSTÖÐUR

Alls voru fjórar minjar skráðar í landi Garðs vegna aðkomuvegar að fyrirhugaðri Tunguárvirkjun. Allar minjarnar tengjast búskapi á Garði á einhvern hátt.

Nr.	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Ástand	Hættumat	Hættuorsök	Hætta vegna tilefnis
3471-001		Garðlag	Túngarður	Vel greinanlegar	Mikil hættu	Vegna rasks	Vegna vegagerðar
3471-002		Tóft	Óþekkt	Vel greinanlegar	Engin hættu		Vegna vegagerðar
3471-003		Tóft	Rétt	Vel greinanlegar	Engin hættu		Vegna vegagerðar
3471-004	Garðshóll	Hóll	Bæjarhóll	Vel greinanlegar	Hætta	Vegna rasks	Vegna vegagerðar

Tafla 1. Tafla yfir skráðar minjar innan framkvæmdasvæðisins.

Tvennar minjar voru skráðar í viðvarandi hættu vegna rasks. Það voru garðlag [3471-001] og Garðshóll [3471-004]. Ummerki eru um að í gegnum árin hafi margskonar framkvæmdir átt sér stað á hólum, svo sem efnistaka og bygging nýrra húsa en í Örnefnaskrá Garðs segir að íbúðarhúsið sem stóð á hólum hafi brunnið árið 1963 og steinhús byggð í staðinn og íbúðarhúsin færð um 600m norðar.⁸ Hluti af garðlagi [3471-001] hefur skemmst við einhverjar framkvæmdir á hólum og sést á köflum einungis í grunnhleðslu þess og er það að blása upp.



Mynd 11. Hluti garðlags [3471-001] sem hefur skemmst og er að blása upp. Það sést í tvær raðir af steinum.

Allar minjarnar voru skráðar í hættu vegna tilefnis, þ.e. vegna fyrirhugaðra framkvæmda á svæðinu, og ber að veita minjunum gát á meðan á framkvæmdum stendur. Það er Minjastofnunar Íslands að ákveða hvort ráðast eigi í einhverskonar mótvægisáðgerðir vegna framkvæmdanna og þá hverjar þær yrðu.

Eins er vert að benda á að, skv. lögum um menningarminjar, ef áður óþekktar fornminjar finnast við framkvæmdir skal stöðva þær samstundis og tilkynna fundinn til Minjastofnunar Íslands sem mun þá taka ákvörðun um framhaldið.

⁸ Örnefnaskrá - Garður

8. KORT




- Staðsetning fornleifa
- Mælingar - flákar
- Aðkomuvegur
- Skráningasvæði

0 100 200 300 m

Yfirlitskort yfir skráðar minjar í landi Garðs í pistilsfirði.

Kort 1 - Skali 1:6000 - Atli Rúnarsson
Náttúrustofa Vestfjarða



- Staðsetning fornleifa
- Mælingar - flákar
- Aðkomuvegur
- Skráningasvæði

0 40 80 120 m

Skráðar minjar í landi Garðs í Þistilfirði.

Kort 2 - Skali 1:2000 - Atli Rúnarsson
Náttúrustofa Vestfjarða